

Nd. 391. Frumvarp til jarðræktarlaga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd og viðhaldi þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þessi, skal val búnaðarmálastjóra bundið samþykki landbúnaðarmálaráðherra.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna í samráði við stjórn félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á, skal skjóta ágreiningsatriðinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við búnaðarmálastjóra, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því hætt, og ef miklar sakir eru, skal víkja honum frá starfi.

Greiddslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarféлага skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili, og ársfélagi í Búnaðarfélagi Íslands og greiða árlega kr. 3.00 til þess. Hver ársfélagi fær búnaðarblað félagsins endurgjaldslaust. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga afar erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

Formenn hreppabúnaðarféлага annast innheimtu árgjaldsins, og má Búnaðarfélag Íslands halda því eftir af jarðræktarstyrk hlutaðeigandi einstaklinga og búnaðarféлага.

7. gr.

Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands 1 fulltrúa fyrir hverja 300 félagsmenn eða færri og jafnmarga til vara. Gildir kosningin til 4 ára. Kosningarrétt og kjörgengi hafa þeir einir, sem eru ársfélagar í Búnaðarfélagi Íslands og lögheimili eiga á hlutaðeigandi sambandssvæði og hafa minnst 20 ha. af landi til eigin afnota. Þeir, er hafa grasnyt af minna landi til eigin afnota en að ofan getur, skulu hafa eitt atkvæði við kosningu þessa fyrir hverja 20 ha. samtals, og velja þeir sér fulltrúa úr sínum hópi til að fara með atkvæði sitt.

Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst 10 félagsmenn, og skulu vera jafnmargir á hverjum lista og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal hlutfallskosning viðhöfð.

Kosning til búnaðarþings skal jafnan fara fram á aðalfundum hreppabúnaðarfélaganna. Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands sér um kosninguna. Að öðru leyti fer um framkvæmd kosningarinnar eftir ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra, unz önnur skipun er þar á gerð, á þann hátt, er hann telur best henta.

II. KAFLI

Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr rikissjóði sem hér segir (sbr. þó 11. gr.):

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar	kr.	8.50	m ³
b.	Safnþrær, steypdar með járnpaki	---	5.00	---
c.	Áburðarhús, alsteypt	---	7.00	---
d.	Áburðarhús, steypd með járnpaki	---	5.00	---
e.	Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni	---	1.50	---
f.	Haugstæði, steypd með steypdu undirlagi og 1 m. veggjum	---	3.00	m ²
II. a.	Skurðir, dýpt 1 m. og grynri	---	1.20	10 m ³
b.	Skurðir, dýpt 1 m. til 1,3 m.	---	1.50	---
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	---	2.00	---
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	---	1.70	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	---	1.20	---
f.	Hnausræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	---	0.70	---
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	---	2.00	---
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	---	1.60	100 m ²
b.	Græðisléttur í nýrækt	---	1.40	---
c.	Sáðsléttur í nýrækt	---	2.50	---
d.	Þaksléttur í túni	---	1.40	---
e.	Græðisléttur í túni	---	1.25	---
f.	Sáðsléttur í túni	---	2.00	---
g.	Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	---	1.80	---
h.	Grjótnám úr sáðreitum og túni aldrei yfir 50 m ³ á býli árlega	---	1.00	m ³
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti, sem að vörn og varanleik jafngildir minnst 5 strengja gaddavirgírðingu	---	2.00	10 m.
V. a.	Þurrheyslöður, steypdar með járnpaki	---	1.00	1 m ³
b.	Þurrheyslöður úr öðru efni, með járnpaki	---	0.50	---
c.	Votheysslöður, steypdar með járnpaki	---	2.50	---

Þar, sem salerni er ekki á bæ, skal engan styrk veita til áburðarhirðingar, fyrr en úr því er bætt.

Styrkur til hlöðuhygginga og áburðarhúsa greiðist ekki nema það sé mælt til styrks það ár, sem verkinu er lokið.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyslöðu en að rúmmál hennar sé minnst 50 m³.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags, til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefir verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgangsgreiðslu hýlanna, og skal telja að-

eins þann hluta afgangsjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðargjöldin voru reiknuð eftir. Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býli, sem fengið hefir samtals minna en 1000 kr., greiðist 20% hærri styrkur.
- b. Býli, sem fengið hefir samtals 3000—4000 kr., skal greiða 25% minna fyrir hvert verk.
- c. Býli, sem fengið hefir samtals 4000—5000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býli, sem fengið hefir samtals 1000—3000 kr., skal greiða styrk samkv. ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 5000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess, að ókleift er sakir erfiðleika og dýrleika að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalvatvinnu, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Nú er býli skipt, og ef jarðarhlutarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða í lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefir fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna, eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Af styrkupp-hæðinni skal þó draga frá 25%. Áður en skipti fara fram milli býlanna.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, sem þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal svo leggja til grundvallar við útreikning á framhaldsstyrk fyrir umbætur á býlinu.

13. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis til byggingar safngryfja og haughúsa má nema samtals kr. 1500.00
og til hlöðubygginga — 500.00

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert býli má nema allt að 800.00

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreita eða annars þess, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, skulu fyrir þær umbætur, er þeir gera og styrkur er veittur til samkvæmt þessum kafla, fá tvöfaldan styrk að því er nemur jarðarafgjaldi þeirra, en fyrir umbætur umfram afgangsgreiðslur ár hvert sæti þeir sömu kjörum og lögin almennt ákveða.

16. gr.

Nú vinnur ábúandi á jörð, sem er ríkiseign (þjóðjörð eða kirkjujörð) af sér jarðargjöld, sbr. 15. gr., og skal þá telja helming þeirrar upphæðar ár hvert, sem til afgjaldsgreiðslu fer, sem styrk veittan býlinu, ásamt þeim styrk, er ábúandi kann að njóta samkv. 9. og 11. gr., þar til komnar eru til býlisins samtals 5 þús. kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðargjöld.

17. gr.

Færa skal í sérstakan dálk í fasteignamatsbók styrk þann, sem greiddur er samkv. II. kafla laga þessara. Skal hann teljast sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til hvers býlis, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem styrknum nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands, hve mikils styrks býlið hefir notið frá því er lög þessi öðluðust gildi, og skal upphæðin tilgreind í kaupsamningi sem fylgifer jarðarinnar.

Seljist hýli yfir fasteignamatsverð, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið á jörðinni frá því er síðasta fasteignamat fór fram, skal verðhækkuninni skipt hlutfallslega eftir verðhæð þeirri, er seljandi á í eigninni, og styrks þess, er hún hefir notið. Ber seljanda að greiða þann hluta verðhækkunarinnar, er af styrkuppþæðinni leiðir, til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

III. KAFLI

Um félagsræktun.

18. gr.

Nú taka menn í félagi land til túnræktar eða garðyrkju og hafa gert samninga um eignarumráð eða leigunot á landinu, svo og samning sín á milli um aðstöðu hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og ber þeim þá jarðræktarstyrkur samkvæmt því, er segir í 19. og 20. gr.

19. gr.

Félög, er samkvæmt samþykktum sínum eru að undirbúa land til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. Þegar byggt hefir verið yfir fólk og fénað á þessum löndum, fá félagsmenn viðbótarstyrk samkvæmt ákvæðum 11. gr.

20. gr.

Félög manna í kaupstöðum, kauptúnum eða sveitaborpum, er taka nálegt land til ræktunar og hafa ákvæði í samþykktum sínum, er tryggja það, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu, útskiptan til eigin nota, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt 9. gr., en hámarksstyrkur til hvers einstaklings skal þó vera hálfu lægri en 13. gr. ákveður.

21. gr.

Jarðræktarfélag, sem ekki geta heyrt undir ákvæði 19. og 20. gr., skulu njóta styrks innan takmarka laga þessara, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með, enda gerir það tillögur í því efni til landbúnaðarráðherra, en hann úrskurðar, hvort styrkur skuli veittur.

22. gr.

Skilyrði fyrir því, að jarðræktarfélag samkv. 19. og 20. gr. geti notið styrks, skulu jafnan vera þau, að félagið sendi Búnaðarfélagi Íslands staðfest eftirrit af samþykktum sínum og samningum þeim öllum, er getur um í upphafi þessa kafla. Getur Búnaðarfélag Íslands skipað fyrir um breytingar á samþykktum eða samningum, ef því þykir ástæða til, enda fellur styrkur niður, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ekki frá þeim gögnum gengið á fullnægjandi hátt.

23. gr.

Verði samningar ekki haldnir um notkun og skipting lands, svo að afnot þess verði með öðrum hætti en upphaflega var ætlað, t. d. að land komist á fárra manna hendur og ef einstakur maður hefir fengið það mikið af landi, að opinber styrkur, er til þess hefir gengið, nemur meiru en heimilt er, að einstaklingur njóti samkvæmt ákvæðum 12., 19. og 20. gr., skal hann endurgreiða rikissjóði það af styrknum, sem umfram er, og er landið að veði fyrir skaðlausri greiðslu.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

24. gr.

Tillag úr rikissjóði til verkfærakaupasjóðs skal árlega nema kr. 80000.00, er skiptist milli hreppabúnaðarfélaga, að $\frac{2}{3}$ hlutum eftir tölu jarðabótamanna og að $\frac{1}{3}$ hluta eftir tölu félaga í búnaðarfélagunum.

Sú upphæð, sem hvert hreppabúnaðarfélag fær samkvæmt því, skal vera séreign þess.

25. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélagum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, garðyrkju og kornræktar.
 2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar og snúningsvélar.
 3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, þrjónavélar og vefstóla.
 4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfur.
- Styrkurinn nemi allt að $\frac{1}{2}$ af kaupverði vélanna eða verkfæranna.

26. gr.

Styrkur til dráttarvéla og skurðgrafna veitist aðeins búnaðarfélagum, einu eða fleirum í félagi. Til þess að búnaðarfélag fái styrk til verkfærakaupa, þarf

samþykki almenns fundar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi eða félagum um kaupin, enda starfræki félagið áhöldin og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær, ásamt áliti sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem feilir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

28. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að lána þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, fé til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

29. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands, og lætur hann hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um vélasjóð.

30. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlandum staðháttum.

31. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur. Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, að viðbættum núverandi eignum hans.

32. gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal nokkru af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem 30. gr. gerir ráð fyrir, og til starfrækslu þeirra, svo lengi sem tilraunir standa yfir.

33. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna séu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá rikissjóður kaupa hana af vélasjóði.

34. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnuáráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands skál annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sjá um, að þær verði reyndar til hlítar.

35. gr.

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra.

36. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og váttrygging, greiðir rikissjóður $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{3}$ heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

37. gr.

Allar aðrar vélar en þær, er 33. gr. getur, sem keyptar verða fyrir fé vélasjóðs og reynast nothæfar, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

38. gr.

Gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI

Um búferlaflutning.

39. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela trúnaðarmanni sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir í sínu umdæmi, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhægar til húrekstrar.

40. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna hera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

41. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti ekki talizt byggileg til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákvæður, hvort veita skuli framvegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

42. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk (shr. 41. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni. Vilji hann reisa nýbýli, skal ennfremur gefa honum kost á nægilegu landi, er hyggt verði samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

VI. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

43. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

44. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að áliti þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns. ná

Þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

45. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um getur í 44. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vegakerfis, vatnsæða og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

46. gr.

Nú er land í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, sem hæft er til ræktunar, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélags Íslands mælir með því. Fer um framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar eða léð öðrum og er þeim nauðsynlegt til bjargræðis, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

48. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 46. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins, samkv. fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

49. gr.

Réttur til erfðaleiguabúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafla 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt.

50. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 43. gr., þegar landið er leigt.
4. Ákvæði um kaup samkv. 51. gr.

51. gr.

Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir erfðaleiguland, til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn, að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semji. Opinber styrkur, sem greiddur hefir verið til mannvirkjanna samkv. II. kafla laga þessara, skal dreginn frá söluverðinu.

Nú krefst ríkið meira af landinu en $\frac{1}{4}$ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið, með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

52. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 51. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðhinda það fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu, að frádregnum opinberum styrk.

53. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé minnst tíundi hluti þess ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

54. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

55. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Sá, er segir trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands visvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggvi við samkvæmt öðrum lögum.

57. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélag Íslands, um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

58. gr.

Mál út af lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

59. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 1943.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1923 (jarðræktarlög), lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, lög nr. 52 19. maí 1930, lög nr. 75 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 77 8. apríl 1935. Sömu leiðis falla úr gildi lög nr. 35 12. maí 1930, um skurðgröfur ríkisins, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að stjórn Búnaðarfélag Íslands kveði búnaðarþing til aukafundar, til ákvörðunar um þær skipulagsbreytingar, er lög þessi gefa tilefni til. Að fengnu samþykki búnaðarþings á þeim breytingum, er lög þessi valda, skal Búnaðarfélag Íslands, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveða, hvenær kosningar til búnaðarþings fara fram, og skal þeim í síðasta lagi lokið fyrir næstkomandi áramót.

G r e i n a r g e r ð .

Frumv. þetta er flutt eftir ósk landbúnaðarráðherra og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Meðal allra menningarþjóða hefir jafnan verið nokkur áherzla á það lögð að auka ræktun landsins. Hefir það verið álitid eitthvert öruggasta ráðið til öryggis afkomu þjóðanna, og á þann hátt betur séð fyrir hjargræði þeirra en með flestum öðrum ráðum. Þegar stórfelldir erfiðleikar hafa steðjað að, t. d. styrjaldir, og horfur hafa verið iskyggilegar um lífsviðurværi, hefir ætíð verið að því horfið að auka ræktun landsins og efla landbúnaðinn. Þetta hafa eins þær þjóðir gert, sem hafa haft margþætta atvinnuvegi (t. d. eins og Bretar), svo sem margháttaðan iðnað, miklar siglingar, öflugan sjávarútveg o. fl., o. fl., og haft yfir miklum þjóðarauði að ráða, eins og hinar, sem haft hafa fábreytt atvinnulíf og lítið fjármagn til yfirráða. Sýnir þetta, að menn telja þessa atvinnugreinina líklegasta til lífsframdráttar, þegar á reynir.

En þó að landbúnaðurinn hafi nú þessa kosti til að bera, er aðstaða hans víðast hvar þannig, að hann skilar óviða miklum gróða, og sízt af öllu að hann sé fljóttekinu. Kostir hans eru aðrir, og þýðing landbúnaðarins er aðallega í því fólgin, að hann veitir mörgu fólki hjargræði. Fólkið, er vex upp við þessi störf, nýtur hollra áhrifa, sem efla lífsþrótt þess og heilbrigði. Bændurnir eru í sinu

starfi ekki eins háðir öðrum eins og ýmsar aðrar stéttir við sín störf. Þeir verða því síður fyrir áhrifum af öðrum og eru seinteknari og ekki eins næmir fyrir annarlegum áhrifum eins og ýmsar aðrar stéttir. Þetta skapar meiri festu í þjóðlifinu og veitir meira öryggi, sem hverri þjóð er nauðsynlegt. Það er því engin tilviljun, að helztu menningarþjóðir heimsins hafa lagt afarmikið fé af mörkum til umbóta landbúnaði sínum, og því betur sem þær eru menntar, þess meira hafa þær gert að umbótum á sviði landbúnaðarins.

Um það, hver nauðsyn oss Íslendingum er á umbótum á sviði landbúnaðarmálanna, þarf ekki að fjölyrða. Vér lifum að kalla á tveim atvinnugreinum, eins og kunnugt er, landbúnaði og sjávarútvegi. Tilvera annarar starfsemi er fyrst og fremst undir því komin, hvernig afkoman er hjá landbúnaðinum og sjávarútveginum. Starfsemi sjávarútvegsins hefir nú um nokkurt skeið verið stórfelld og haft sín miklu áhrif á allan vörn þjóðarhag og á ýmsan hátt hrundið í framkvæmd margvíslegum framfara- og menningarmálum. En þó að þannig telja megi sjávarútveginum margt og mikið til ágætis, og að hann er, og vonandi verður, annar okkar höfuðbjargræðisvegur, þá má þó ekki loka augunum fyrir því, að afkoma þjóðarinnar og öryggi hennar í framtíðinni er svo bezt borgið, að við höfum öflugan landbúnað.

Nú hagar svo til hér hjá oss, ekki síður en annarsstaðar, að umbætur í landbúnaðinum kosta mikla vinnu og mikla fjármuni, og bændur geta alls ekki hrundið þeim í framkvæmd. Öðruvísi en að þeir fái styrk til þess. Slik verk eru líka meira unnin fyrir framtíðina heldur en þá kynslóð, er verkin framkvæmir, svo úr því það er mönnum ofviða að vinna þau af eigin rammleik, þá er sanngjarnt, að menn njóti styrks til þess. Það getur tæpast talizt, að umbætur í landbúnaði hafi verið styrktar fyrr en jarðræktarlögin gengu í gildi (1923). Dálitill styrkur hafði verið greiddur til jarðabóta áður, en hann var svo óverulegur, að áhrifa hans gætti vist mjög lítið. Til þess að nokkrar verulegar umbætur yrðu gerðar, varð að styrkja þær svo um munaði. Það var í ýmsum greinum gert með jarðræktarlögunum. Enda hefir mikið verið gert síðan þau öðluðust gildi.

Með kaupum og starfrækslu hinna stórvirkari jarðyrkjuvéla kom skriður á ræktunarmál vor. Áhrif jarðræktarlaganna hafa því í ýmsum greinum verið stórfelld. Þó hafa nú um allanga stund, síðan lögin voru sett, viðskiptamál og fjármál verið bændum afaróhagstæð, og því miður eiga margir þeirra erfitt fjárhagslega. En þó mundi afkoma þeirra margra hverra hafa verið miklu verri en hún er nú, ef þeir hefðu ekki verið húnir að bæta jarðir sínar. Sýnir þetta ljóslega, hver þjóðarnauðsyn það er, að ötullega sé að því unnið að bæta jarðirnar. Auðvitað kostar það fé og fyrirhöfn, bæði frá ríki og þeim, er framkvæma umbæturnar, en með þeim fjármunum er verið að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar. Og það er ekki neinnar einnar stéttar mál. Það er alþjóðarmál, sem öllum er skylt að styrkja.

Sú endurskoðun, sem nú hefir farið fram á jarðræktarlögunum, hefir leitt það í ljós, eins og reyndar var fyrirfram vitað af þeim, sem til þekktu, að ekki er unnt annað en að halda áfram að styrkja umbætur á býlunum, og það verulega. Tiltölulega fáar jarðir eru það langt komnar að ræktun, að eingöngu sé unnið véltækt ræktað land, en það verður almennt að vera takmarkið, sem stefna ber

að. Og því marki verður að ná eins fljótt og hægt er. Með þetta fyrir augum hefir verið unnið að endurskoðun laganna.

Skal nú með nokkrum orðum almennt vikið að frumvarpinu í höfuðdráttum.

Búnaðarfélag Íslands hefir, eins og kunnugt er, séð um framkvæmdir flestra meiri háttar landbúnaðarmála. Hefir það verið i öllum stærri málum í umboði ríkisins. Starfsfé félagsins hefir nær allt verið lagt til af ríkinu. Landbúnaðarráðherra hefir haft æðstu stjórn þessara mála. Og milli Búnaðarfélags Íslands og stjórnarinnar hefir ætíð verið nái samvinna, svo sem eðlilegt er. Lagt er til í þessu frumvarpi, að landbúnaðarráðherrann hafi æðstu stjórn þessara mála áfram, eins og verið hefir. Um nokkurra ára skeið kaus Alþingi 2 af 3 stjórnendum félagsins. Það fyrirkomulag hófst með setningu jarðræktarlaganna. Á síðastliðnu þingi var þessu breytt, og nú kys búnaðarþing alla stjórn félagsins. Hafði þess verið oft óskað af búnaðarþingi, og var nú látið að óskum þess. Það er því í raun og veru búnaðarþing, sem hefir stjórn félagsins algerlega í sinni hendi. Það er því afarþýðingarmikið, að skipan búnaðarþings sé með þeim hætti, að það sé nokkurnveginn tryggt, að vilji bænda almennt fái notið sin við val til búnaðarþingsins, svo að búnaðarþingið sé í sem beztu samræmi við skoðanir bænda landsins yfirleitt, og að það hafi þá tiltrú og hollustu, sem því er nauðsynlegt í störfum sínum. Eins og fyrirkomulaginu á kosningum til búnaðarþings er nú háttað, er engin hin minnsta trygging fyrir því, að skipun þingsins sé í samræmi við skoðanir eða vilja bænda almennt. Talið er, að bændur velji til búnaðarþings, og má að visu telja að nokkru leyti, að svo sé. En kosningafyrirkomulagið er þó með þeim hætti, að það er meir en hæpið að láta það haldast óbreytt lengur. Bændur kjósa á búnaðarfélagfundum, hver í sínum breppi, fulltrúa til þess að mæta á fundum búnaðarsambandanna. Fulltrúar búnaðarsambandanna kjósa svo búnaðarþingsfulltrúana. Það er því eftir krókaleiðum, sem kosning bændanna skapar búnaðarþingið. Eftir því frjálsræði, sem nú tíðkast í kosningum til áriðandi trúnaðarstarfa, er þetta kosningafyrirkomulag afar óþeppilegt, og er beint brot á almennum lýðræðisreglum. Úr þessu ber að bæta. Það er áreiðanlega öllum aðilum fyrir beztu.

Á því hefir nokkuð bólað hin síðari ár, að bændur víða um land hafa ekki verið allskostar ánægðir með búnaðarþing. Ekki verður hér um það fullyrt, af hverju það stafar, en vera má, að bændur telji þá stofnun sér ekki eins tengda eins og vera ætti, og er ekki ósennilegt, að það, með hverjum hætti það er skipað, eigi sinn þátt í því. En hvað sem nú um þetta er, þá þarf búnaðarþingið að vera sú stofnun bændanna, þar sem fram kemur vilji þeirra almennt og hin breytilegu og margvíslegu viðhorf þeirra til helztu viðfangsefna bændastéttarinnar, og alþjóðar yfirleitt. Með því móti, og aðeins með því móti einu, nýtur það trausts bændastéttarinnar. Og þá fyrst er þess að vænta, að það verði svo skipað, að það verði þess megnugt að taka þau allhliða félagsmálefni bændastéttarinnar til meðferðar, er þeir leggja nokkra áherzlu á, að unnið verði að. Ef búnaðarþingið hefði fullnægt þeim kröfum, sem bændur verða að gera til slíkrar stofnunar, myndi þeim aldrei hafa dottið í hug að stofna landssamband bænda. Stofn-

un þess er ekkert annað en yfirlýsing þess, að bændunum sjálfum hefir fundizt, að búnaðarþingið myndi ekki, eins og valið er til þess, geta fullnægt óskum þeirra.

Nú er búnaðarþingið einmitt sú stofnun, sem á að hafa forustu í félagsmál-efnum bændastéttarinnar. Það á að brjóta isinn. Það á jafnan að vera í fylkingarbrjósti í framsókn bændastéttarinnar í verklegum og andlegum efnum. Takist því að inna þetta verkefni af höndum, þurfa bændurnir ekki að mynda annan allsherjarfélagsskap, sem er bæði örðugt og dýrt, til þess að leysa þessi verkefni. Þess vegna verður að koma búnaðarþinginu í lífrænt samband við hændastéttina í heild. Fyrir þessar sakir er það, að lagt er til, að fulltrúarnir til búnaðarþings verði kjörnir af ársfélögum, sem eru í Búnaðarfélagi Íslands, með nánari fyrir-mælum, sem fram eru tekin í I. kafla frumvarpsins og þarflaust er að lýsa.

Eftir þeim reglum, sem settar eru hér fyrir kosningunni, má búast við, að búnaðarþingsfulltrúunum fjölgi nokkuð verulega frá því, sem nú er. En ekki verður sú fjölgun það mikil, að hún skipti mjög miklu máli. Nokkur kostnaðarauki stafar af því, en stórvægilegur ætti hann ekki að verða. Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændunum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun búnaðarþingsins, eftir því sem þeir hafa vilja og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipan búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurnveginn rétt mynd af því viðhorfi, er bændurnir hafa til helztu áhugamála sinnar stéttar, og reyndar þjóðmála yfirleitt.

Liklegt er, að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti. Þau veita bændunum mikilsverð réttindi, sem þeim að sjálfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefir þó dregizt til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað.

Áður en vikið er nánar að þeim hreytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á lögnum, þykir rétt að skýra stuttlega frá því, hvernig þeir fjármunir hafa skipzt á milli býla landsins, sem varið hefir verið til umbóta eftir jarðræktarlögnum. Nær þetta yfirlit frá 1924 til 1934 (bæði árin meðtalin) og er á bls. 872—873.

Eins og skýrsla þessi ber með sér, hafa í þessi 11 ár 753 býli fengið samtals innan við 100 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra býla er 49 krónur.

2141 býli hafa fengið hvert frá 100—500 kr. Meðalstyrkur þessara býla er 276 krónur.

1158 býli hafa hlotið 500—1000 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra er 716 krónur.

741 býli hefir verið greiddur 1000—2000 kr. styrkur hverju. Það verður á hvert býli til jafnaðar 1366 krónur.

Til 178 býla hefir verið varið í styrk 2000—3000 kr. á hvert. Það verður að meðaltali á hvert býli 2420 krónur.

Loks hafa 110 býli fengið yfir 3000 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra verður 4565 krónur.

Alls nemur styrkurinn þessi 11 ár 3401212 kr., og hafa 5081 býli notið hans að einhverju meira eða minna leyti. Meðalstyrkur á býli er 669 krónur.

Við athugun á því, hvað einstök býli hafa hlotið háan styrk, þá kemur það í ljós, að á því er mikill munur.

Yfirlitsskýrsla um jarðabætur

Sýslunöfn	Tala hreppa	Undir 100 kr.			100—500 kr.			500—1000 kr.		
		Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli
1 Borgarfjarðarsýsla	9	17	430	25	62	17628	284	54	40354	747
2 Mýrasýsla	7	15	914	61	67	21727	282	44	31216	709
3 Snæf. og Hnappadalssýsla	11	52	2683	52	125	32393	259	57	39615	695
4 Dalasýsla	9	30	1628	54	97	25905	267	42	29457	701
5 Austur-Barðastrandarsýsla	5	47	616	36	41	10260	250	13	8701	669
6 Vestur-Barðastrandarsýsla	5	19	1029	54	60	16615	277	30	21239	708
7 Vestur-Ísafjarðarsýsla	6	26	1425	55	46	12184	265	19	12070	635
8 Norður-Ísafjarðarsýsla	9	24	1268	63	68	18023	265	37	26250	709
9 Strandasýsla	7	20	675	34	74	19969	270	31	22332	720
10 Vestur-Húnavatnssýsla	6	29	1647	57	73	23150	317	44	29411	668
11 Austur-Húnavatnssýsla	7	27	1484	55	96	26109	272	51	34372	676
12 Skagafjarðarsýsla	14	40	2030	51	131	37593	287	112	83492	745
13 Eyjafjarðarsýsla	13	77	3583	47	159	43478	274	98	70342	718
14 Suður-Pingeyjarsýsla	12	41	2010	49	145	41422	286	77	54326	706
15 Norður-Pingeyjarsýsla	6	9	391	43	43	13495	314	43	30886	718
16 Norður-Múlasýsla	11	51	2400	47	124	30606	247	50	34447	689
17 Suður-Múlasýsla	12	67	2902	43	149	36867	247	27	18503	685
18 Austur-Skaftafellssýsla	5	9	399	44	22	6832	311	19	13558	714
19 Vestur-Skaftafellssýsla	7	32	1502	47	64	17779	278	33	23656	717
20 Rangárvallasýsla	9	30	1673	56	166	49595	293	106	76931	726
21 Árnessýsla	16	74	3348	45	203	56709	279	107	80108	749
22 Gullbringusýsla	8	39	2007	51	85	22751	268	34	24604	724
23 Kjósarsýsla	4	8	532	66	31	9492	306	30	22848	762
Samtals	198	753	36576	49	2141	590582	276	1158	828698	716

110 býli hafa á þessum 11 árum blotið samtals 502155 kr. styrk, og er það blutfallslega langt fram yfir það, sem önnur býli hafa hlótið. En af þessum 110 býlum er fjarri því, að styrkurinn, sem til þeirra hefir farið, skiptist jafnt þeirra á milli. Þannig hafa farið nærri 48 þús. krónur til tveggja býla, sem eru á einni hendi. Er það að vísu nokkuð sérstakt, og kemst ekkert býli á landinu í námunda við það. En þó eru mörg býli með háan styrk. T. d. eru 3 jarðir í sömu sveit, er hafa fengið 7—10 þús. kr. hver.

Þetta eru að vísu mest áberandi dæmin. En um land allt hefir jarðræktarstyrkurinn verið mjög misjafn, er gengið hefir til einstakra býla. Þó hafa í sumum sveitum flest býlin fengið allþáan styrk. Sérstaklega á þetta við um sveitir, sem eru í námunda við hin stærri kaupún, þar sem markaðsskilyrði eru bezt.

Af þessu er sýnilegt, að það verður að leitast við að greiða hér eftir enn betur fyrir þeim býlum, er til þessa hafa minnsts styrks notið, eigi þau ekki að dragast enn meira aftur úr en enn er orðið. Getur þá svo farið, þó að býlin séu allgóð og hafi góð skilyrði til umbóta, að þau hætti fljótlega að verða byggileg, ef ekkert er hafizt handa með umbætur þeirra. Á mörgum þeirra býla, sem mest hafa notið, er nú að kalla eingöngu unnið ræktað land. Er á slíkum býlum mest unnið með vélum. Aðstaða slíkra býla til búrekstrar er einkar ólík því,

sveitum 1924—1934.

1000—2000 kr.			2000—3000 kr.			Yfir 3000 kr.			Samtals			Styrklauss býli	
Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Býli	Styrkur	Meðaltal		
44	60566	1376	18	43065	2392	4	20160	5040	199	182203	911	6	1
31	43302	1391	7	17545	2506	1	3134	3134	175	117838	673	9	2
15	19482	1299	"	"	"	"	"	"	249	94173	379	58	3
15	17865	1191	"	"	"	1	3731	3731	185	78566	425	22	4
3	3431	1144	"	"	"	"	"	"	74	23008	311	6	5
12	17580	1465	"	"	"	"	"	"	121	56463	467	9	6
18	25432	1413	2	4862	2431	"	"	"	111	55973	504	10	7
25	35840	1434	11	26208	2382	4	16104	4023	169	123693	732	12	8
14	18432	1317	2	4565	2282	"	"	"	141	65973	468	6	9
22	27946	1270	4	9287	2322	"	"	"	172	91441	532	17	10
27	36396	1348	6	14958	2493	"	"	"	207	113319	547	18	11
92	125715	1366	12	29328	2444	21	79440	3783	408	357598	876	17	12
67	90587	1352	22	54178	2462	11	45749	4159	434	307917	709	42	13
48	63946	1332	3	7617	2539	3	12632	4211	317	181953	574	22	14
22	30822	1401	5	12402	2480	"	"	"	122	87996	721	9	15
18	22683	1260	1	2120	2120	"	"	"	244	92256	378	33	16
14	17611	1258	4	9755	2439	2	9066	4533	263	94704	360	45	17
17	22211	1306	5	11712	2342	2	7166	3583	74	61878	836	17	18
14	18876	1348	4	8949	2237	1	4277	4277	148	75039	504	28	19
67	91066	1359	21	51287	2442	13	54820	4217	403	325372	807	14	20
96	132167	1377	34	82558	2428	24	97755	4073	538	452645	841	32	21
22	30789	1399	"	"	"	6	26239	4373	186	106390	572	58	22
38	59737	1572	17	40323	2372	17	121882	7170	141	254814	1807	6	23
741	1012482	1366	178	430719	2420	110	502155	4565	5081	3401212	669	496	

sem hún er á þeim býlum, sem því nær ekkert ræktað land hafa og allt verður að vinna með handverkfærum. Sýnist alveg sjálfsagt að greiða fljótlega og verulega fyrir umbótum á þeim býlum, sem þannig er ástatt um, svo framarlega, sem skynsamlegt er að halda þeim í ábúð.

Eins og áður er sagt, hafa 110 býli fengið samtals 502155 krónur, en á sama tíma hafa 2894 býli fengið samtals 627158 krónur. Það er óhugsandi annað en að það sé eitthvað aðgæzluvert í þessu. Og það er vitaskuld mesta fásinna að gera ekki einhverja leiðréttingu í þessum eignum. Hvað lítið hefir verið gert til umbóta á svo mörgum býlum í landinu, stafar minnst af því, að ábúendurnir vilji ekki gera umbæturnar. Orsökina er vafalaust langoftast sú, annaðhvort að ábúendurnir eru svo fátækir, að þeir geta ekki ráðizt í jarðabætur og lagt það fram, sem styrkur hrekkur ekki til, eða að ábúðarskilmálar leiguliða eru þannig, að ábúandinn getur ekki notið sín, og það mun ekki fátítt um þær jarðir, sem minnsts styrks hafa notið.

Af þessum ástæðum, sem nú hefir verið lýst hér að framan, er það meðal annars, að við leggjum til að greiða misháan styrk fyrir umbætur, og sé þá lagt til grundvallar fyrir slíkri skiptingu, hvað jörðin hefir áður notið samtals mikils styrks eftir að jarðræktarlögin öðluðust gildi.

Auk þess styrks, sem áður er talinn og gengið hefir til einstakra býla, hafa

kaupþún og kaupstaðir fengið talsverðan styrk til jarðabóta og bygginga. Nemur sú upphæð samtals kr. 662093.55 þessi 11 ár. Birtist hér skýrsla yfir það, hvernig styrkurinn hefir skipzt milli einstakra kaupstaða og kaupþúna.

Jarðabætur í kaupstöðum og kaupþúnum.

Nöfn	Styrkuppæð		Dagsverk	
	1934	Alls	Túnraekt	Alls
Akranes	6269.50	36871.25	36028	38421
Borgarnes	1202.20	13432.00	12903	14107
Sandur, Neshreppur	1504.80	7787.15	7812	8352
Ólafsvík Ólafsv.hr.	572.85	3262.10	3212	3469
Stykkishólmur	1879.55	2938.60	3070	3140
Búðardalur	192.85	1643.95	1667	1794
Flatey, Breiðafirði	190.95	1776.00	1379	1705
Patreksfjörður	"	5775.50	5497	5913
Bíldudalur Suðurfj.hr.	130.15	4890.30	5058	5198
Flateyri, Flateyrarhr.	299.25	2859.95	2898	2974
Suðureyri, Súgandafjörður	60.80	1160.85	1246	1249
Bolungavík, Hólshr.	550.05	2999.00	2901	3132
Súðavík, Súðav.hr.	159.60	4036.85	3590	4093
Hesteyri, Sléttuhr.	136.80	2046.90	1739	2016
Ísafjarðarkaupstaður	977.55	11075.75	11271	13481
Pingeyri, Pingeyrarhr.	806.55	1813.85	1191	1894
Hölmavík, Hrólfbergshr.	134.90	2904.35	2352	2896
Borðeyri, Bæjarhr.	"	615.35	473	613
Hvammstangi, Kirkju.hv.hr. ...	1929.45	7401.65	6711	7916
Blönduós	1151.40	6767.55	6474	7027
Skagatrönd	"	4673.20	4838	4886
Sauðárkrókur	5283.40	28086.65	25051	28569
Hofsós	"	5637.10	5371	5637
Ólafsfjörður	"	2551.65	2090	2605
Dalvík, Svarfaðard.hr.	"	6391.85	5546	6488
Hrisey, Hriseyjarhreppur	1128.15	3527.15	3534	3882
Litli Árskógssandur	196.65	1370.10	1447	1447
Glerárþorp, Glæsibæjarhreppur	"	10609.00	11140	1140
Siglufjarðarkaupstaður	3308.35	8588.50	6212	10169
Akureyrarkaupstaður	3126.00	42779.45	41742	44268
Hafnarfjarðarkaupstaður	5164.65	19620.00	17248	20780
Reykjavíkarkaupstaður	31319.60	183499.30	167163	189099
Húsavík	3399.60	30833.95	29208	32235
Kópasker, Presthólahreppur ...	"	960.30	830	1097
Raufarhöfn, Presthólahreppur	459.35	3936.55	4077	4210
Skálar, Sauðaneshreppur	89.30	2027.05	2240	2240
Þórshöfn, Sauðaneshreppur	1203.55	6232.10	4830	6427
Vopnafjörður	374.30	5572.75	5159	5621
Bakkagerði, Borgarfjarðarhreppur	1000.35	6246.30	6394	6832
Seyðisfjarðarkaupstaður	3816.15	12789.35	12221	13284
Neskaupstaður, Norðfirði	759.55	4878.75	4636	4975
Eskifjörður	769.50	4652.60	4829	4989
Reyðarfjörður	"	8935.90	8349	9459
Búðir, við Fáskrúðsfjörð	339.60	2724.80	2506	2744
Höfn í Hornafirði	1063.05	18643.95	17997	20233
Vík, Hvammshreppi	231.80	4069.00	1170	3206
Sandgerði, Miðneshreppi	"	1306.30	1095	1292
Keflavík, Miðneshreppi	24.70	9255.35	7176	8802
Vestmannaeyjakaupstaður	1958.90	9499.30	8942	9650
Stokkseyri	"	8271.50	5882	10096
Eyrarbakki	"	22563.90	20230	24358
Samtals	"	662093.55	"	"

Þessi skýrsla sýnir, að menn við sjávarsíðuna hafa notið góðs af jarðræktarlögunum, og á Búnaðarfélag Íslands mikinn þátt í því að hrinda þeirri ræktun í framkvæmd, með mælingum, skiptiugu lands, aðstoð við samningagerðir o. fl. o. fl. Þessi aðstoð hefir komið því til leiðar, að áhugi manna fyrir ræktun hefir stórum aukizt í flestum kauptúnum landsins og skilningur manna á þýðingu ræktunarinnar og gildi hennar fyrir aldna og óborna.

Við athugun þá, er fram hefir farið á jarðræktarlögunum, og skýrslum þeim, sem fyrir lágu, þótti þegar sýnt, að mat jarðabóta í tiltekin dagsverk er orðið afarvillandi og samsvarar alls ekki því hugtaki, sem nafnið bendir til. Það er hvorttveggja, að mat umbóta í raunveruleg dagsverk verður alltaf hæpið, vegna hinnar breytilegu aðstöðu til jarðræktar og hvort ræktað er í stórum stíl eða smáum. Hinsvegar hefir löggjafarvaldið raskað hinu upphaflega mati allmikið, með því að breyta stærð dagsverkanna í tilliti til þess, hvaða störf þótt hefir ástæða til að styrkja meira en upphaflega hefir verið ákveðið. Skýrslugerð um dagsverkafjöldi jarðabótamanna verður því að teljast lítils virði og jafnvel villandi, ef miðað er við það hugtak, er í orðinu felst. Hér er því horfið frá því að leggja dagsverkin til grundvallar fyrir styrkgreiðslu, heldur er lagt til, að notaðar séu hentugar metraeiningar, svo sem teningsmetri í byggingum, grjótnámi og opnum skurðum, fermetri í jarðrækt og sáðreitum, og lengdarmetri í lokræsnum og girðingum.

Um styrkveitingar til einstakra mannvirkja skal þetta tekið fram:

Styrkur til safnþróa er hækkaður allverulega, og sömuleiðis til áhurðarhúsa. Áhurðarhirðingin er svo mikið atriði í jarðræktinni og hefir svo mikla þýðingu fyrir afkomu í búskap, að sjálfsagt er að stuðla að góðri hirðingu hans. Hentara þótti að lækka aðeins styrkinn til sléttna, að undanteknum sáðsléttum í nýrækt, og hækka heldur styrkinn til framræslu. Um grjótnámið er það að segja, að lagt er til, að ekki verði veittur styrkur fyrir meira en 50 m³ til hvers einstaklings árlega. Þykir ekki tiltækilegt að stuðla að stórræktun á landi, sem svo er grýtt, að grjótnám sé stórfelldur liður í ræktuninni. Mun og tilgangur þess að taka grjótið til greina í fyrstu hafa verið vegna hinna lakar settu sveita hvað snertir ræktunarskilyrði. Meginhluti þess styrks, sem fyrir það hefir verið greiddur, mun þó hafa farið til kaupstaðanna eða þeirra, sem í grennd við þá hafa búið. En það er óráðlegt að stuðla þannig að mikilli ræktun undir slæmum skilyrðum meðan gnægð er af góðu landi.

Ekki sýnist ástæða til að flokka girðingar til styrks eins og tíðkæzt hefir. Sami styrkur er veittur, af hvaða gerð sem girðingin er, ef hún er í fullgildu standi.

Styrkur til hlöðubygginga er mikið færður út frá því, sem verið hefir. Þetta eru svo þýðingarmiklar byggingar, að sjálfsagt er að stuðla af megni að framkvæmd þeirra verka.

Samanburður á styrk samkvæmt jarðræktarlögum nú og tillögum.

	Eining	Jarðrl.	Till.	Hækk.	Lækk.
1. Þvaggryfjur, alsteyptar	1 m ³	7.50	8.50	1.50	„
2. — steypdar með tyrfðu jærnpaki ...	—	5.00	5.00	„	„

	Eining	Jarðrel.	Till.	Hækk.	Lækk.
3. Áburðarhús, alsteypt	1 m ³	6.00	7.00	1.00	„
4. — steyppt með járnþaki	—	5.00	5.00	„	„
5. — og safnþrær úr öðru efni	—	1.50	1.50	„	„
6. Haugstæði, steyppt með steypptu undirlagi og 1 m. veggjum	1 m ²	„	3.00	3.00	„
7. Framræsluskurðir, dýpt 1 m. og grynri	10 m ³	1.11	1.20	0.09	„
8. — dýpt 1—1,3 m.	—	1.25	1.50	0.25	„
9. — dýpt yfir 1,3 m.	—	1.66	2.00	0.34	„
10. Lokræsi, grjótræsi	10 m.	1.66	1.70	0.04	„
11. — viðarræsi	—	1.11	1.20	0.09	„
12. — hnausaræsi	—	0.55	0.70	0.15	„
13. — pípuræsi	—	1.66	2.00	0.34	„
14. Nýrækt, þaksléttur	100 m ²	2.00	1.60	„	0.40
15. — græðisléttur	—	1.66	1.40	„	0.26
16. — sáðsléttur	—	2.50	2.50	„	„
17. — óbylt	—	0.25	„	„	0.25
18. Túnasléttur, þaksléttur	100 m ²	2.00	1.40	„	0.60
19. — græðisléttur	—	1.66	1.25	„	0.41
20. — sáðsléttur	—	2.50	2.00	„	0.50
21. Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi og þýfðu túni	—	1.66	1.80	0.14	„
22. Grjótnám úr sáðsléttum og túni, en ekki er veittur styrkur nema á 50 m ³ á hvern jarðabótamann á ári	1 m ³	1.00	1.00	„	„
23. Girðingar um tún og sáðreiti, sem að varanleik og varnargildi jafngilda góðri 5-strengdri gaddavirsgirðingu..	10 m.	„	2.00	„	„
Gaddavirsgirðing með undirhleðslu ..	—	1.66	„	„	„
— 5 str. án undirhleðslu	—	2.00	„	„	„
Virnet með eða án undirhleðslu og gaddavir yfir	—	2.50	„	„	„
— 1,10 m.	—	2.00	„	„	„
Grjótgarðar, tvihlaðnir	—	2.50	„	„	„
— einhlaðnir	—	1.00	„	„	„
Grjót- og torfgarðar	—	1.65	„	„	„
24. Þurrheyslöður, steypptar	1 m ²	1.00	1.00	„	„
25. — úr öðru efni, járnþak	—	„	0.50	0.50	„
26. Votheyslöður, steypptar með járnþaki	—	1.66	2.50	0.84	„

Lagt er til, að býli, sem fengið hafa 5000 kr. styrk til umbóta frá því er jarðræktarlögin gengu í gildi, fái ekki frekari styrk. Landið hefir í mörg horn að líta, og þegar komin er þetta mikil upphæð til eins býlis, er ekki annað hægt heldur en nema staðar nú um stund.

Ekki er hægt að fullyrða, hve mikla heildarhækkun kann að leiða af hin-

um aukna styrk til ýmiskonar framkvæmda eftir þessum tillögum, en samkvæmt þeirri athugun, er gerð hefir verið á jarðræktarframkvæmdum árunna 1934 og 1935, hefði heildarútkoman á styrknum verið mjög svipuð eftir þessum tillögum og hún reyndist þessi ár eftir gildandi lögum.

Það hefir verið talin nokkur hættu á því, að þeir opinberu fjármunir, sem gengið hafa til umbóta á býlum, leiddu til verðhækkunar, svo að þrátt fyrir umbæturnar á jörðunum, þá stæðu þeir menn litlu betur að vigi, sem taka við þeim umbótum og hinu háa jarðarverði, heldur en þeir, er nutu þeirra lítið bættra. Um það þarf ekki að efast, að hátt jarðaverð er landbúnaðinum afaróhagstætt, og því ber að spyrna á móti, eftir því sem unnt er. Í II. kafla þessa frv. er leitazt við að hindra hátt jarðaverð, með því að banna veðsetningu og sölu á því verðmæti, er styrkurinn skapar, og með því að láta seljandann greiða nokkurn hluta verðhækkunarinnar til sveitar- eða bæjarsjóðs.

Bezt þykir á því fara að hafa í sama lagaflokki fyrirmæli um verkfæra-kaupasjóð, vélasjóð og skurðgröfur.

Eins og mörgum er kunnugt, eru allmargar jarðir hér á landi, sem liggja undir mjög miklum skemmdum og jafnvel eyðileggingu af vatnaágangi og landbroti. Eru jafnvel til heilar sveitir, sem útlit er fyrir, að gereyðist af þessum ástæðum, eða þá vegna jökullhlaupa og sandfoks. Ennfremur eru mjög víða í sveitum fjallbýli, sem svo eru afskekkt og hrjóstrug til ræktunar, að telja verður óbyggileg. Þegar miðað er við lífskröfur nútímans, og því bezt notuð sem af-
réttarlönd.

Það er hin mesta nauðsyn, að undinn sé bráður hugur að því, að athugað sé, hvaða býli koma til mála í þessu efni, því telja verður mjög misráðið að veita styrk til ræktunar og einkum vandaðra húsabóta á slíkum jörðum. Mun þessa ekki hafa verið gætt sem skyldi hingað til, enda skort alla löggjöf um það efni. Það verður því ekki hjá því komizt að gera nú þegar ráðstafanir til að undirbúa burtflutning fólks af slíkum stöðum. Verður að telja, að rétt sé, að ríkið verji nokkru fé til að hjálpa mönnum, sem á slíkum býlum búa, til að komast í burtu þaðan og á aðra staði, sem hafa tryggari framtíðarmöguleika.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Hér að framan hefir allrækilega verið rakið efni fyrsta kafla, og sýnist því ekki ástæða til að fjölyrða miklu frekar um hann. Skal þó með fáum orðum vikið að einstökum greinum hans.

1. gr. þarf ekki skýringar við.

Um 2. gr.

Þar sem Búnaðarfélag Íslands fer með þessi mál af hálfu ríkisvaldsins, er sjálfsagt, að starfsreglur þess séu í samræmi við gildandi lagaákvæði um þessi efni. Landbúnaðarráðherra og búnaðarmálastjóri hljóta jafnan að þurfa að hafa mikla og margháttaða samvinnu um ýmiskonar málefni landbúnaðarins. Það gæti orðið góðum málefnum til hins mesta hnekkis, ef illa tækist til um sam-

vinnu þessara manna. Þess vegna er hér lagt til, að val búnaðarmálastjórans verði bundið samþykki landbúnaðarráðherrans.

Um 3. gr.

Ágreiningi, sem kann að rísa milli stjórnar Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóra út af framkvæmdum þeirra mála, er Búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisstjórnarinnar, er ætlað til, að verði skotið til landbúnaðarráðherra til úrskurðar, og virðist það sjálfsagt. Það mun öllum aðiljum fyrir beztu, að þesskonar ágreiningsmál verði sem fyrst leyst, og sýnist þetta vera eðlilegasta lausn þeirra mála.

Um 4. gr.

Störf trúnaðarmanna eru afarþýðingarmikil, og er sjálfsagt að haft sé glögg eftirlit með því, að þau séu vel af hendi leyst. En til þess að slíkt eftirlit verði einhvers virði, verður að gera athuganir á nokkrum stöðum á mælinga-
svæði hvers trúnaðarmanns. Sýnist tilvalið, að ráðunautar Búnaðarfélagsins annist það eftirlit, eftir því sem þeir geta við komið á ferðum sínum um landið.

Um 5. gr.

Ætlað er til, að aðeins eitt búnaðarfélag sé í hverjum hreppi. Þó er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands geti veitt leyfi til að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi, þar sem erfiðar eru samgöngur og þar sem sérstaklega ríkar ástæður gera það nauðsynlegt.

6. gr. þarf ekki skýringa við.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar hefir allrækilega verið rakið í inngangi greinargerðarinnar, og er því engin ástæða til að fjölyrða um það frekar.

Um 8. gr.

Væntanlega kemur alls ekki til þess, að nota þurfi ákvæði þessarar greinar. En sakir þess, að Búnaðarfélag Íslands er sjálfstæður félagsskapur, þykir ekki annað hlýða en að því sé vikið, hver sjái um framkvæmd þessara mála, er ríkisvaldinu koma svo sérstaklega við og Búnaðarfélagið getur hætt að annast.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Hér er talinn sá styrkur, sem ætlaður er til hverrar umbótar fyrir sig. Hefir hlutföllum hans verið breytt nokkuð frá því, sem áður var, með tilliti til þess, hversu mikil nauðsyn þótti á auknum styrk til framkvæmdanna, og eftir því, sem reynslan þótti hafa sýnt, að réttara væri í tilliti til kostnaðar. Hér er t. d. aukinn styrkur til bygginga vegna áburðargeymslu og súrheysverkunar, og enn fremur til framræslu, en jarðvinnslan að öðru leyti heldur lækkuð, nema sáðsléttur, sem telja verður álitlegustu ræktunaraðferðina.

Þá hafa og matjurtagarðar og sáðreitir ofurlítið verið hækkaðir í styrk, enda verður að telja, að nú heri að leggja höfuðáherzluna á þá ræktun, meðan hún fullnægir ekki nærri því þörfum landsmanna.

Hlöður er hér gert ráð fyrir að styrkja nokkuð, þótt ekki séu úr steinsteypu, ef þær eru með járnþaki. Verður að telja það sanngjarnt, því t. d. járnhlöður eru að sumu leyti betri en steinhlöður hvað geymslu heysins snertir, og hlöður með torfveggjum geta líka verið allgóðar, ef vel eru vandaðar að veggjum.

Þar sem kunnugt er, að salerni vantar enn á mörgum hæjum, þá þótti ekki verða hjá því komizt að hrinda þessu fljótlega í lag, með því að gera byggingu þeirra að skilyrði fyrir styrk til áhurðarhúsa og safngryfja. Með því að hér er lagt til að styrkja vönduð haugstæði, var nauðsynlegt að skilyrðisbinda það því, að þvaggryfja væri til á heimilinu.

Um 10. gr.

Þessi grein er óhreytt frá því, sem áður var, og þarf ekki skýringar.

Um 11. gr.

Til þess að takmarka nokkuð þá fjárhæð, sem fer til einstakra jarða, verður nauðsynlegt að hafa spjaldskrá yfir þann styrk, sem til þeirra fer, og þar sem nú þegar eru nokkrar jarðir, sem telja verður, að notið hafi svo mikils styrks, að ekki sé ástæða til að auka við hann úr þessu, þá þykir sjálfsagt að telja allar styrkgreiðslur frá því að jarðræktarlögin gengu í gildi. Með uppbótarstyrknum er ætlazt til, að jarðirnar séu færðar nokkuð til samræmis frá því, sem nú er, til að hraða því, að umbætur á þeim komi til framkvæmda. Uppbótarstyrks eiga að njóta aðeins þau býli, sem rekinn er búskapur á sem sjálfstæður atvinnuvegur. Frádráttur á styrk þeirra jarða, sem komnar eru yfir 3000 kr. í styrk, er gerður til að draga úr stórræktun á einstökum stöðum; má og ætla, að skilyrði séu þar betri til afurðasölu eða ræktunar en almennt gerist og því minni þörf fyrir fullan styrk. Ætla má, að jarðir, sem hafa fengið fullar 5000 krónur í styrk, hafi komið ræktunar- og umbótamálum sínum í svo gott horf, að hagur ríkisins leyfi ekki, að haldið verði áfram að greiða þeim styrk til aukinna framkvæmda, meðan margar jarðir eru því nær umbótalausar. Ekki þykir annað fært en að heimilt sé að styrkja nokkuð meira en ræktun einstakra býla ræktun þess bæjarfélags, er óhjákvæmilega þarf að starfrækja búskap til þess að bæta úr hrýnustu neyzlumjólkurþörf íbúa bæjarins.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að hvetja til jarðaskiptingar og til að létta örðugleika þeirra, sem þannig verða að komast af með minna ræktað land en áður, meðan þeir eru að auka ræktunina að nýju. Aftur er hamlað á móti sameiningu hýla í síðari hluta greinarinnar, með því að draga úr þeim styrk, sem til þeirra fer.

Um 13. gr.

Rétt þótti að tiltaka hámark þess styrks, sem hvert býli fær notið til bygginga, og er hann hér miðaður við það, er nægja myndi á allmyndarlegum býlum. Til ræktunar á ári er sama hámark og áður.

Um 14. gr.

Ekki þykir fært að veita styrk til jarðræktar þar, sem ætla má, að bráðlega verði tekin upp önnur afnot af landinu, og því fé, sem til ræktunarinnar fari, þar með kastað á glæ.

Um 15. og 16. gr.

Það verður að telja réttlátt, að þeir ábúendur rikiseigna, sem ekki eiga kost á erfðafestu (svo sem prestar o. fl.), fái nokkur aukin friðindi, þar sem svo mjög er í óvissu, hvað þeir eða þeirra geta notið umbótanna lengi. Er hér lagt til, að þeir fái tvöfaldan styrk við það, sem almennt er greitt, þar til komið er það hámark, sem tryggir, að jarðirnar hafi fengið hinar fullkonnustu umbætur.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að jarðabótastyrkurinn sé dreginn frá við jarðamat og skráður sérstaklega í fasteignamatsbók. Mun það vekja betur athygli manna á, að óheimilt er að selja hann. Og þar sem hér er slegið föstu, að ekki megi veðsetja hann, hlýtur það að halda verðinu nokkuð niðri.

Verði samt sem áður verðhækkun á jörðum, er sanngjarnt, að hlutaðeigandi sveitarfélag njóti þeirrar verðhækkunar, sem ætla má, að stafi af hinum bundna höfuðstól, er greiddur hefir verið jörðinni til umbóta, því hverju sveitarfélagi er mikið tjón að því, að jarðir gangi kaupum og sölum með uppsprengdu verði.

Um III. kafla.

Félagsræktun.

Í núgildandi jarðræktarlögum eru engin ákvæði um félagsræktun, en þar sem vænta má, að allmikið verði að því gert að vinna í félagi að jarðyrkju, þótti rétt að hafa um það ákvæði í frumvarpinu.

Um 18. gr.

Greinin þarf ekki skýringar.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um félagsskap til undirbúnings nýbýla eða samvinnubyggða. Hagkvæmara myndi, ef talsvert væri búið að rækta af landinu áður en ráðizt er í miklar byggingar.

Ætlað er til, að félög þessi njóti styrks eftir því sem segir í 9. gr., en frekari styrkur verði þeim greiddur, er taka verða að mestu óræktað land til ræktunar, þegar að því kemur, að reisa verður byggingar. En gæta verður þess, að býlin séu í tryggari ábúð.

Um 20. gr.

Ræktun við kaupstaði og þorp hefir að kalla til þessa verið hagað þannig, að hver hefir ræktað fyrir sig, og hafa menn sitt í hverju lagi byggt á löndunum fyrir fólk og fénað.

Með því fyrirkomulagi hafa menn átt miklu erfiðara með að stunda atvinnu

í kaupstaðnum (eða þorpinu). Stundum hafa menn byggt í kaupstaðnum, fjarri landinu, sem valdið hefir svo erfiðleikum og kostnaði með flutning áburðar á blettina o. fl. o. fl.

Félagsskapur um slíka jarðrækt og not af landinu gæti undir ýmsum kringumstæðum verið mun ódýrari og á allan hátt hagfelldari. T. d. með því að yrkja jörðina í félagi, margir byggðu peningshús saman, hefðu félag um hirðingu gripa o. s. frv. Gætu menn fremur með þessu fyrirkomulagi skipt með sér verkum og stundað aðra atvinnu vissan tíma úr árinu, þegar atvinnu væri að fá.

Um 21. gr.

Hér er talinn sá félagsskapur, sem ekki er hægt að telja til hinna tveggja fyrirtölu flokka. Getur hann verið með ýmsum hætti, og verður því í hvert sinn að ákveða, hve mikils styrks hann skuli njóta.

Um 22. gr.

Greinin þarf ekki skýringa við.

Um 23. gr.

Gera má ráð fyrir, að þeir, sem taka land til ræktunar, noti það á meðan þeir hafa aðstöðu til þess, og því verði lítið um, að ræktuð lönd verði sameinuð í stórum stíl. En fari svo, að slíkt komi fyrir, er sjálfsagt, að sá, er landið hlýtur, endurgreiði rikissjóði það af jarðræktarstyrknum, sem gengið hefir til landsins og er umfram það hámark, sem mömmum ber eftir ákvæðum laganna.

Um IV. kafla.

Verkfaerakaupasjóður.

Með breytingu á jarðræktarlögunum 1928 var sjóður þessi stofnaður til þess að styrkja hændur til kaupa á jarðyrkjuverkfaerum. Síðar hefir verksvið hans verið stækkað, svo að á síðari árum hefir hann styrkt, auk jarðyrkjuverkfaera, kaup á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum til heimilisiðnaðar í sveitum.

Tillag rikissjóðs til sjóðsins var ákveðið 20 þúsund krónur á ári, og auk þess 10 aurar fyrir hvert jarðabótadagsverk.

Tekjur sjóðsins þau 5 ár, sem skýrslur ná yfir, hefir numið alls 436873 kr., eða að meðaltali á ári kr. 80757.26. Hér er lagt til, að hann fái fast tillag, 80 þús. krónur, og starf hans nánar ákveðið en áður hefir verið.

Um sérstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 24. gr.

Hentara þykir, að sjóðurinn hafi fast tillag en að tekjur hans séu bundnar jarðræktarframkvæmdum, sem hljóta að vera breytilegar frá ári til árs, enda ætti að vera sámilega séð fyrir sjóðnum með þessu tillagi. Skipting hans hefir verið eftir tölu jarðabótamanna. Hér er lagt til, að honum verði að $\frac{2}{3}$ skipt eftir tölu jarðabótamanna, og $\frac{1}{3}$ eftir tölu félagsmanna í búnaðarfélögum hreppanna, og er það í samræmi við réttindi og skyldur þær, sem félögum í hreppabúnaðarfélögum eru ætlaðar í I. kafla frumvarps þessa.

Um 25. gr.

Þessi grein er í samræmi við það, sem sjóðurinn hefir styrkt að undanfögnu. En auk þess er bætt hér við heimild til að styrkja kaup á skurðgröfum, sem væntanlega kæmu að miklu gagni við almenna skurðagerð, þegar unnt verður að fá hentuga gerð. Ennfremur er tekin hér upp heimild til að styrkja kornræktarvélar.

Eftir nágildandi lögum er styrkur til jarðyrkjuvéla helmingur verðs, en til annara verkfæra $\frac{1}{3}$ verðs. Hér er lagt til, að hann verði $\frac{1}{3}$ verðs til allra styrkhæfra verkfæra. Geta með því fleiri notið styrksins og síður hætt við, að menn freistuðust til að kaupa áhöld, sem þeir hefðu ekki fulla þörf fyrir.

Um 26. gr.

Þessi grein bindur það, að styrkur til dráttarvéla og skurðgrafna sé aðeins veittur til búnaðarféлага, og þar sem til þess þarf samþykki almenns fundar, er nokkur trygging fyrir því, að þau verkfæri verði ekki keypt, nema nokkur almenn þörf sé fyrir þau. Og er það nauðsynlegur undirbúningur undir kaup og starfrækslu svo verðmikilla áhalda.

Um 27. gr.

Grein þessi er um almenn fyrirkomulagsatriði um umsóknir úr sjóðnum og felur í sér nokkra tryggingu fyrir því, að umsóknir séu teknar eftir röð, ef þær hafa við svipuð rök að styðjast.

Um 28. gr.

Það hefir nokkuð verið gert að því að lána út úr sjóðnum til verkfæra-kaupa. Er hér lagt til að heimila það, þó með miklum takmörkunum. Ætti þetta að vera hættulítið, ef farið er að öllu eftir fyrirmælum greinarinnar, þar sem tekjur sjóðsins eru tryggar.

Um 29. gr.

Er um reikningshald og reikningsskil sjóðsins og þarf ekki skýringar við.

Um V. kafla.

Vélasjóður.

Í jarðræktarlögunum frá 1923 er kafla um vélasjóð. Er þar gert ráð fyrir, að rikissjóður leggi honum 50 þús. kr. á ári.

Starf þessa sjóðs hefir nú um skeið verið lítið. Tekjur sjóðsins, er honum áskotnuðust af þúfnabanavinnunni o. fl., hafa verið notaðar til útlána, til kaupa á dráttarvélum. Hafa lánin að jafnaði numið 3000 krónum til hvernar dráttarvélar. Hefir sjóðurinn með þessu veitt góðan stuðning til að kaupa slíkar vélar.

Árið 1930 voru sett lög um skurðgröfur, sem eftir eðli málsins falla undir ákvæði þessa kafla, og eru þau því sett hér inn.

En tilgangur þessa sjóðs var meiri en aðeins sá, að kaupa vélar eða hjálpa til að menn eignuðust þær. Honum var jafnframt ætlað að gera tilraunir

með nothæfi þessara véla. Hefir ekkert verið gert í þessum efnunum af hálfu sjóðsins. Það verður þó að álitast afarþýðingarmikið, að þesskonar starfræksla fari fram. Með útvegum og starfrækslu heppilegra véla má gera ráð fyrir, að það geti orðið til þess að flýta mjög fyrir margvíslegum umbótum, sem annars biðu, hver veit hvað lengi.

Skal svo nokkru nánar vikið að hverri einstakri grein.

Um 30. gr.

Efni greinar þessarar er sama og í 15. gr. jarðræktarlaganna, sem einnig er að nokkru tekin upp í skurðgröfulögum, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið hafi forgöngu um kaup, tilraunir og starfrækslu vélknúðra jarðyrkjuvéla og starfræki skurðgröfur, sem eru stærri en svo, að henta þyki að fela það öðrum, og fræðimönnum í þeim efnunum þætti nauðsyn vera til að gera tilraunir með þær.

Um 31. gr.

Vélasjóður hefir nú að láni frá varasjóði landsverzlunar Íslands 50 þús. kr., og er það í útlánum vegna lána til dráttarvéla, ásamt starfsfé sjóðsins, sem nú er að upphæð kr. 31800.00. Til þess er ætlað, að sjóðnum séu lagðar út til eignar þessar 50 þús. kr.

Um 32. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að starfsemi sjóðsins verði tvískipt, gangi nokkuð af fé hans til útlána til verkfærakaupa, og nokkuð til kaupa á vélum og starfrækslu þeirra á meðan tilraunir standa yfir.

Um 33. gr.

Hér er hent á það, sem sjóðnum er ætlað að inna af höndum með tilraunir á skurðgröfum. Jafnframt er ríkissjóður skyldaður til að kaupa þær, ef þær reynast vel, eins og áður var ákveðið með skurðgröfulögum.

Um 34. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 35. gr.

Grein þessi er samkvæmt skurðgröfulögum, og eru í vatnalögum nákvæm fyrirmæli um, hvernig stofna eigi þau félög til landþurrkunar og áveitu, sem ætlað er til að ríkissjóður styrki samkvæmt þessari og næstu grein, og er því ekki ástæða til að taka það hér upp.

Um 36. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru einnig tekin upp úr skurðgröfulögum og kveða á um þann styrk, sem heitið er til framkvæmdar þeirra verka, er stórar skurðgröfur inna af hendi, og jafnframt ákvæði um, að þau verk séu ekki styrkt samkvæmt II. kafla laga þessara.

Um 37. gr.

Grein þessi kveður á um, að selja beri þær vélar, sem keyptar eru til tilrauna fyrir vélasjóð, reynist þær nothæfar.

Um 38. gr.

Grein þessi er um reikningshald sjóðsins og reikningskil.

Um VI. kafla.

Um búferlaflutning.

Um 39. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er hér falið að láta trúnaðarmennina gefa skýrslur um þær jarðir, er þeir telja, að komið geti til mála í þessu efni, svo unnt verði að láta rannsaka þær nákvæmlega.

Um 40. gr.

Telja má, að með því að láta matsmennina vera: starfsmann frá Búnaðarfélagi Íslands, trúnaðarmann þess á sambandssvæðinu og formann hlutaðeigandi búnaðarfélags, sé svo vandað til álitsgerðarinnar sem kostur er á. Enda varðar miklu, að hún sé í alla staði áreiðanleg. Er því til frekara öryggis lagt til, að fengin sé umsógn hreppsnefndar um málið áður en því er ráðið til lykta.

Um 41. gr.

Það þótti réttast, að þegar Búnaðarfélag Íslands hefði undirbúið málið þannig, þá væri það afhent landbúnaðarráðherra til endanlegs úrskurðar.

Um 42. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að þegar jörð eða býli hefir þannig verið svipt styrk til umbóta, þá sé eitthvað gert til að hjálpa þeim mönnum, sem á þeim búa, að komast í burt þaðan. Og þótt til þess væri varið nokkru fé, þá má benda á, að ríkið sparar aftur nokkuð við það að hætta að greiða styrk til hinna umræddu býla. Hér er þó aðeins ætlazt til, að greiddur sé nokkur hluti þess verðfalls, sem ábúandi kann að verða fyrir við sölu húsa sinna á jörðinni. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir, að neitt tillit sé tekið til þess, hvað honum verður úr sjálfri jörðinni. En í þess stað er honum gefinn kostur á eftirgjaldslausri lífstíðarábúð, ef hann reisir nýbýli á landi, sem er eign ríkisins.

Um VII. kafla.

Um 43. gr.

Viðsvegar um landið hafa í kauptúnum og kaupstöðum verið leigðar ræktunarlóðir, án þess að samningarnir væru byggðir á þeim grundvelli, sem jarðræktarlögin gerðu ráð fyrir. Um réttindi og skyldur leigutaka, svo og um leigumálann, hefir ríkt hið mesta misræmi. Jafnvel innan sama kauptúns búa leigutakar við mjög mismumandi leigukjör á löndum með alveg sömu skilyrðum og aðstöðu. Gildir það alveg sérstaklega ýmsa af þeim bæjum, sem eru í örum vexti og þar sem eftirspurn er mikil eftir landinu, að leigan er ekki í neinu samræmi við verðmæti þess afrakstrar, sem landið getur gefið. Með ákvæðum greinarinnar er ætlazt til, að endurskoðun fari fram á leigumálanum á slíkum stöðum og hann færður til samræmis við ákvæði laganna.

Um 44. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir þegar framkvæmt þær rannsóknir, sem greinin gerir ráð fyrir, í 40 kaupúnum og bæjum.

Enda þótt nokkuð hafi áunnizt við það til greiðari aðgangs að landi, hefir aðeins nokkur hluti þessara kaupúna gert fullnaðarráðstafanir fyrir lengri framtíð um landútveganir.

Það ber því enn nauðsyn til, að haldið sé áfram að veita kaupúnum og bæjum stuðning til að koma skipulagi á ræktunarmál sín, og eru ákvæði greinarinnar miðuð við, að Búnaðarfélag Íslands haldi áfram starfsemi sinni að þessum málum.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 46. og 47. gr.

Til eru þau kaupún, er eigi hafa getað fengið umráð á nauðsynlegu landi til afnota fyrir íbúana, og það enda þótt í námunda við þau liggi land lítt nytjaað. Enda þótt úr því mætti bæta með því að leita í hverju einstöku tilfelli til Alþingis um heimild fyrir því, að löndin verði tekin eignarnámi, þá dregur það í mörgum tilfellum ræktunarframkvæmdirnar um of. Hinsvegar er með ákvæðum 47. gr. það tryggt, að slíkt eignarnám sé ekki framkvæmt að nauðsynjalausu, og með því að láta það falla undir dóm Búnaðarfélags Íslands ætti að vera tryggt, að ábúðarréttur henda verði ekki skertur, nema því aðeins, að almannanauðsyn sé til þess, að landið verði tekið eignarnámi.

Um 48. gr.

Með erfðaleigu er þeim fjölskyldum, er land fá, tryggður varanlegur umráðaréttur á landinu, án þess að þær þurfi að festa fé til annars en ræktunarumbóta á því. Með ákvörðun leigumálans í lögnum sjálfum er fyrirbyggt, að það fari eftir geðþótta leigusala í hvert skipti, hver leiga sé tekin af löndunum, og er leigumálinn hundinn við þau verðmæti, sem leigusali á í eign þeirri, er hann selur á leigu, og er því fasteignamat og virðingarverð umbóta á landinu, þegar leigusali afhendir það, sem grundvallar, af hvaða fjárhæð árgreiðslurnar skuli reiknaðar.

Um 49. gr.

Þar sem nú eru til lög, er ákveða, hvernig ábúðarréttur erfist, þykir sjálf-sagt, að samræmi sé um það atriði, þegar um ræktunarlönd er að ræða, að rétturinn erfist því á þessum löndum samkvæmt sömu meginreglum eins og rétturinn til ábúðar á erfðaábúðarjörðum.

Um 50. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir um nokkurt skeið látið kaupúnum í té frumdrætti að erfðaleigusamningum, og hafa þeir því hin síðari ár í flestum aðalatriðum færzt í fast form. Myndi í reglugerð sjálfsagt að setja nánari ákvæði um erfðaleigusamningana og að henni fylgi frumdrættir að samningum, að því er við kemur öllum almennum atriðum.

Um 51. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar, á eigi að vera hægt að taka til annara afnota, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og að á landinu þurfi að reisa mannvirki til almennra afnota eða til atvinnurekstrar.

Það þykir eigi fært annað en að skylt sé að taka allt landið, ef það er svo verulega skert, að þeim búrekstri, sem leigutaki hefir komið upp á landinu, sé verulega hnekkt með landsskerðingunni.

Um 52. gr.

Hin takmarkalaus veðbinding erfðaleigulanda, sem í mörgum tilfellum er jafnhá eða hærri fasteignamati, gerir sölu auðveldari og styður þá jafnframt að óeðlilega háu verðlagi á erfðaleigulöndunum. Með ákvæðum greinarinnar ætti að nokkru leyti að draga úr þessu hvorutveggja.

Um 53. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við þau ákvæði, sem nú eru í gildi í jarðræktarlögum og hin síðustu ár hefir verið farið eftir hvað viðvikur ákvörðunum þann tíma, sem leigutaka er ætlaður til að fullrækta landið.

Um 54. og 55. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um VIII. kafla.

Almenn ákvæði.

Um 56.—58. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 59. gr.

Rétt þykir að leggja til, að endurskoðun á lögnum fari fram ekki síðar en 1943. Þá eru 20 ár liðin frá því er jarðræktarlögin gengu í gildi. Og þó ekki séu nema 7 ár þangað til, ætti að vera fengin nokkur reynsla fyrir þeim nýjungum, sem nú eru sett í lögin.

Um 60. gr.

Þarf ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Skipulagsnefnd atvinnumála hefir að miklu leyti látið vinna að skýrslum þessum, og eru þær birtar hér sem fylgiskjal með samþykki nefndarinnar.

Býli með styrk yfir 2000 kr.

Hreppa- og bæjanöfn	Styrkur		Dagsverk		Yfir 3000 kr.
	1934	Alls	Tún	Alls	
Borgarfjarðarsýsla					
Innri-Akraneshreppur	Innri-Hólmur	2025.90	1497	1991	»
	Innsti-Vogur	494.95	1949	2149	»
	Ytri-Hólmur	760.00	3841	4501	4593.70
Skilmannahreppur	Bekánsstaðir	658.75	1864	2578	»
	Litli-Lambhagi	101.65	1685	2513	»
	Stóri-Lambhagi	116.85	1267	2366	»
	Ós	177.65	1642	2867	»
	Hvítanes I-III	1514.80	4661	7871	6734.50
Strandarhreppur	Brekka	1349.00	985	2385	»
	Svarfhóll	1906.65	1551	3709	3381.90
Leirár- og Melasveit	Súlunes	1298.65	1149	2359	»
	Skipanes	760.00	1976	2262	»
	Melar	274.55	2232	2687	»
Skorradalshreppur	Grund	228.95	2379	2379	»
	Indriðastaðir	104.50	1953	3223	»
Andakilshreppur	Varmalækur	143.45	2205	2205	»
	Hvítárakki	1243.10	3630	5428	5428.55
Lundarreykjadalshr.	Skálpastaðir	1356.10	1580	2815	»
Reykholtsdalshreppur	Hurðarbak	190.00	2214	2214	»
	Kjalvararstaðir	190.00	1789	2210	»
	Deildartunga	262.20	1905	2548	»
	Reykholt	1697.65	1611	3288	»
	Samtals	14829.45	45565	66548	20158.65
	Alls 22 jarðir. Meðaltal á jörð	» 2873.83	»	»	5040.00
Mýrasýsla					
Hvítársiðuhreppur	Síðumúli	925.20	2020	3330	»
Stafholtstungur	Hjarðarholt	588.05	1733	2427	»
	Efra-Nes	1234.50	1525	2658	»
	Svarfhóll	475.00	2114	3792	3134.00
Borgarhreppur	Ferjubakki I-III	940.05	1360	2326	»
	Ólvaldsstaðir I-II	127.30	2885	3390	»
Álftaneshreppur	Valsbamar	1058.80	1264	2463	»
Hraunhreppur	Hrafnkelsstaðir	217.55	1658	2118	»
	Samtals	5566.45	14559	22504	»
	Alls 8 jarðir. Meðaltal á jörð	» 2585.00	»	»	3134.00
Dalasýsla					
Laxárdalshreppur	Hjarðarholt	19.95	3850	3850	3730.90
Vestur-Ísafjarðarsýsla					
Mosvallahreppur	Ytri-Hjarðardalur I-II	423.70	2122	2957	»
Mýrahreppur	Höfði I-IV	104.50	1343	2319	»
	Samtals	528.20	3465	5276	»
	Alls 2 jarðir. Meðaltal á jörð	» 2430.85	»	»	»
Norður-Ísafjarðarsýsla					
Hólshreppur	Ytri-Búðir	207.10	1530	1958	»
Ögurhreppur	Ögur, ðeirbýli	30.40	1425	2543	»
	Kálfavík I-II	112.10	1527	2397	»
Reykjarfjarðarhreppur	Púfur	373.85	1968	2905	»
	Reykjarfjörður I-II	»	1278	2564	»
Nauteyrarhreppur	Melgraseyri I-II	57.00	4282	4767	4776.45
	Múli	313.95	2533	3429	3143.10

Býli með styrk yfir 2000 kr. (frh.).

Hreppa- og bæjanöfn	Styrkur		Dagsverk		Yfir 3000 kr.	
	1934	Alls	Tún	Alls		
Norður-Ísafjarðarsýsla (frh.)						
Nauteyrarhreppur	Laugaból I II	16.15	2892.35	2371	2898	"
-----	Nauteyri	7.60	2533.20	1747	2902	"
-----	Arngerðareyri	"	2485.90	1566	2716	"
Grunnavíkurbhreppur	Staður	"	2050.55	958	1919	"
Stéttuhreppur	Látur, fleirbýli	247.95	2292.35	2416	2538	"
Eyrarhreppur	Engidalur, efri og neðri.	263.15	2414.30	2545	2545	"
-----	Tunga	581.40	3761.85	2924	4412	3761.85
-----	Kirkjuból	290.70	4421.80	3674	4493	4421.80
	Samtals	2501.35	42311.85	32744	44976	16103 20
	Alls 15 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2821.00	"	"	4025.80
Strandasýsla						
Kaldrananeshreppur	Bær, tvíbýli	28.50	2022.95	1361	1875	"
Hrófbergshreppur	Viðidalá	597.10	2542.05	1897	3012	"
	Samtals	625.60	4565.00	3258	4887	"
	Alls 2 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2282.50	"	"	"
Vestur-Húnavatnssýsla						
Ytri-Torfustaðahr.	Sandar	160.55	2159.95	1807	2520	"
-----	Búrfell, þrjúbýli	400.45	2331.20	1972	2431	"
Fremri-Torfustaðahr.	Þjarg (Miðfirði)	560.50	2173.15	1738	2942	"
Pverárhreppur	Síða, syðri og ytri	902.50	2623.45	1657	3445	"
	Samtals	2024.00	9287.75	7174	11338	"
	Alls 4 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2322.00	"	"	"
Austur-Húnavatnssýsla						
Sveinsstaðahreppur	Þingeyrar	"	2767.25	2929	2929	"
-----	Brekka	351.50	2665.30	2143	2577	"
Torfalækjarhreppur	Torfalækur I II	76.95	2040.95	2073	2151	"
-----	Húnsstaðir	170.05	2174.00	2304	2336	"
Svinavatnshreppur	Guðlaugsstaðir I III	824.60	2652.25	2401	2772	"
-----	Ytri-Langamýri I II	152.00	2658.10	2638	2958	"
	Samtals	1575.10	14957.85	14488	15723	"
	Alls 6 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2493.00	"	"	"
Skagafjarðarsýsla						
Skefilsstaðahreppur	Illugastaðir	807.50	3324.30	2203	3905	3324.30
Skarðshreppur	Sjávarborg	142.50	3360.15	1835	3433	3360.15
Staðarhreppur	Reynistaður	627.00	2880.15	1751	3623	"
-----	Holtsmúli	901.55	2342.45	1526	2656	"
-----	Hafsteinsstaðir	"	2175.25	2291	2291	"
Seyluhreppur	Ytra-Skórðugil	314.45	3512.25	3718	3718	3512.25
-----	Vallanes	57.00	4502.65	4682	4682	4562.65
-----	Stóra-Seyla	760.00	3753.15	3954	3954	3753.15
-----	Langamýri	237.50	3308.30	3493	3493	3308.30
Lýtingsstaðahreppur	Árnes	760.00	2117.55	2234	2234	"
-----	Daufá	190.00	2023.95	2148	2148	"
-----	Héraðsdalur	760.00	2654.10	2551	2704	"
-----	Mælifell	"	2962.50	3136	3136	"
-----	Harrastaðir	261.25	2295.10	2084	2480	"
-----	Vindheimar	150.10	2242.75	1842	2202	"
-----	Hvítueyrar	460.75	4036.05	3192	4671	4036.05
-----	Nautabú	502.55	3571.20	2639	4251	3571.20

Býli með styrk yfir 2000 kr. (frh.).

Hreppa- og bæjanöfn	Styrkur		Dagsverk		Yfir 3000 kr.	
	1934	Alls	Tún	Alls		
Skagafjarðarsýsla (frh.)						
Lýtingsstaðahreppur	Tunguháls I II	»	3177.80	2889	3255	3177.80
Akrahreppur	Ólfsstaðakot	760.00	2414.90	2282	2497	»
	Stokkhólmur	190.00	4238.65	3519	4861	4238.65
	Vaglir I II	272.65	3966.40	4031	4121	3966.40
	Víðivellir	456.00	3323.05	3475	3488	3323.05
	Miklibær	760.50	4251.25	3863	4273	4251.25
	Ólfsstaðir	764.75	4547.20	4552	4736	4547.20
Rípurreppur	Egg I II	574.75	3876.45	3560	3910	3876.45
	Helluland	760.00	4280.85	3467	4697	4280.85
Víðvíkurhreppur	Laughús	684.00	3342.20	2658	3582	3342.20
Hólahreppur	Sleitustaðir	242.25	3221.40	2575	3079	3221.40
	Hólar í Hjaltadal	760.00	4841.45	5671	6635	4841.45
Hofshreppur	Kolkuós	760.00	2330.40	1850	2540	»
	Bær, tvíbýli?	559.55	3733.20	3124	3668	3733.20
	Hof	128.25	3212.60	2745	3855	3212.60
Haganeshreppur	Yzti-Mór	760.00	2888.60	2114	3020	»
	Samtals	15364.85	108718.25	97654	117798	79440.55
	Alls 33 jarðir. Meðaltal á jörð	»	3265.70	»	»	3782.88
Eyjafjarðarsýsla						
Svarfaðardalshreppur	Karlsá	77.90	2201.50	2142	2256	»
Arnarneshreppur	Hallgilsstaðir	13.30	2521.90	2624	2624	»
	Fagri-Skógur	385.70	2137.05	2485	2485	»
	Möðruvellir I II	1383.20	2860.50	1316	4036	»
	Þrastarhóll	484.50	2468.75	2080	2420	»
Skríðahreppur	Óxnahóll	»	2234.85	2352	2352	»
Öxnadalshreppur	Syðri-Bægisá	1862.00	3675.85	1973	3987	3675.85
Hrafnagilshreppur	Grund I III	73.15	2148.15	2167	2275	»
	Króppur	475.00	2042.50	1650	2875	»
	Stokkahlaðir	162.45	2002.60	1583	1933	»
	Hrafnagil	733.40	3461.80	2370	4007	3461.80
	Finnastaðir	1215.55	3220.70	2842	3223	3220.70
	Hvammur	166.25	3081.25	2857	3177	3081.25
Glæsibæjarhreppur	Syðri-Skjaldarvík	699.20	2769.25	1928	3294	»
	Dagverðareyri	»	3963.70	2861	4231	3963.70
Saurbæjarhreppur	Samkomugerði	258.40	2847.20	2995	2995	»
	Æsustaðir	342.00	2099.15	2183	2183	»
	Hvassafell I III	543.40	2613.10	2680	2736	»
	Núpufell I- II	583.30	3129.65	3151	4225	3129.65
	Möðruvellir I II	387.60	4032.50	2636	4667	4032.50
Öngulsstaðahreppur	Stóri-Hamar I II	198.55	2853.20	2977	3004	»
	Eyjarland I II	621.30	2470.10	1356	2658	»
	Syðri-Varðgjá	34.20	2491.05	1659	2444	»
	Rífkelsstaðir I II	800.35	2995.20	2358	4030	»
	Ytri-Tjarnir	721.05	2336.35	1353	3605	»
	Þverá I II	333.45	2590.50	1702	2734	»
	Leifsstaðir	»	2706.05	1683	2577	»
	Ytri-Varðgjá	»	2233.25	959	2685	»
	Litli-Hamar I III	278.35	2556.05	2681	2739	»
	Kaupangur	515.85	6917.60	4787	8578	6917.60
	Munka-Þverá I II	203.30	3367.25	2152	3435	3367.25
	Jódisarstaðir	475.00	5202.15	4469	5733	5202.15
	Öngulsstaðir, tvíbýli	724.35	5686.10	4404	6162	5686.10
	Samtals	14752.05	99916.80	79415	112365	45738.55
	Alls 33 jarðir. Meðaltal á jörð	»	3027.78	»	»	4158.05

Býli með styrk yfir 2000 kr. (frh.).

Hreppa- og bæjanöfn	Styrkur		Dagsverk		Yfir 3000 kr.	
	1934	Alls	Tún	Alls		
Suður-Dingeyjarsýsla						
Svalbarðsstrandarhr.	Póroddsstaðir	1252.60	2356.50	1220	2659	"
	Tunga	"	3592.65	2230	3618	3592.65
	Svalbarð	275.50	3736.20	2308	3815	3736.20
Grýtubakkahreppur	Hvammur	143.45	2850.45	2436	2806	"
	Grýtubakki I - II	348.65	5302.65	4622	5465	5302.65
Bárðdalahreppur	Mýri I - III	749.55	2410.60	1439	2586	"
	Samtals	1769.75	20249.05	14255	20949	12631.50
	Alls 6 jarðir. Meðaltal á jörð	"	3374.84	"	"	4210.50
Norður-Dingeyjarsýsla						
Kelduneshreppur	Keldunes I - II	268.85	2106.15	1722	2378	"
Presthólahreppur	Grjótnes I - II	"	2054.15	1312	1951	"
	Leirhöfn I - II	13.30	2996.70	2483	2927	"
Svalbarðshreppur	Holt I - II	516.30	2528.50	1808	2807	"
	Hvammur, fjörb.	871.65	2716.25	1820	3392	"
	Samtals	1670.10	12401.75	9145	13455	"
	Alls 5 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2480.35	"	"	"
Norður-Múlasýsla						
Tunguhreppur	Stóri Bakki I - II	1432.60	2120.90	2232	2232	"
Suður-Múlasýsla						
Vallahreppur	Ketilsstaðir, tvíb.	57.00	2612.35	2330	2875	"
	Egilsstaðir, tvíb.	779.95	5735.85	4861	6111	5735.85
	Hallormsstaðir tvíb.	668.80	2979.15	1944	3874	"
Norðfjarðahreppur	Skorrastaður, tvíb.	307.80	2047.10	2171	2171	"
	Ormsstaðir	171.95	2116.85	1740	2460	"
	Neðri-Miðbær	734.35	3330.25	1911	3945	3330.25
	Samtals	2719.85	18821.55	14957	21436	9066.10
	Alls 6 jarðir. Meðaltal á jörð	"	3136.92	"	"	4533.05
Austur-Skaftafellssýsla						
Nesjahreppur	Árnanes I - IV	609.90	2568.80	1482	2846	"
	Borgir	267.90	2217.00	1250	2314	"
	Svínafell	105.45	2530.85	1689	2665	"
	Höfelli, þrúb.	1102.00	3903.65	3030	4340	3903.65
Mýrahreppur	Holt I - V	77.90	2267.55	1574	2271	"
Borgarhafnarhreppur	Borgarhöfn II - VI	"	3262.50	3127	3707	3262.50
Hofshreppur	Hof, 6 býli	217.10	2126.90	1321	2314	"
	Samtals	2380.25	18877.25	13473	20457	7166.15
	Alls 7 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2696.75	"	"	3583.07
Vestur-Skaftafellssýsla						
Kirkjubæjarhreppur	Seglbúðir (Selb.?)	141.50	2145.05	1419	2087	"
	Kirkjubæjarklaustur	272.65	2444.90	1917	2562	"
Hvammshreppur	Höfðabrekka	590.90	2116.55	1913	2154	"
Dyrhólahreppur	Pétursey I - II	357.20	2243.20	1704	2139	"
	Hvoll I - II	590.40	4277.25	3099	4564	4277.25
	Samtals	1953.65	13226.95	10052	13506	"
	Alls 5 jarðir. Meðaltal á jörð	"	2645.39	"	"	4277.25

Býli með styrk yfir 2000 kr. (frh.).

Hreppa- og bæjanöfn	Styrkur		Dagsverk		Yfir 3000 kr.
	1934	Alls	Tún	Alls	
Rangárvallasýsla					
Austur-Eyjafjallahr.	Ytri-Skógar I II	2228.20	1604	2520	"
---	Skarðshlíð I II	487.35	1693	2482	"
---	Hrútafell I II	39.90	2009	2944	"
---	Drangshlíð I II	236.55	1068	1841	"
---	Steinar I IV	524.40	3493	5277	4821.80
Vestur-Eyjafjallahr.	Dalssel	9.50	1443	2036	"
---	Yzti-Skáli I III	368.60	2555	3621	3341.45
Vestur-Landeyjahr.	Hemla	660.25	2450	3753	3285.25
---	Álfhólar, tvíb.	317.30	3603	4314	4225.20
Fljótshlíðarhreppur	Núpur I II	69.35	2286	2609	"
---	Breiðabólstaður	695.40	2583	3474	3725.75
---	Sámsstaðir I IV	1178.95	8487	8758	7727.70
---	Torfastaðir, 6 býli	930.05	3897	4057	3926.05
Hvolhreppur	Móeiðarhvöll	296.40	2023	2280	"
---	Eystri Garðsauki	64.60	2111	2418	"
---	Efri-Hvöl	285.95	2128	2875	3059.85
Rangárvallahreppur	Eystri-Kirkjubær	292.15	2650	2924	"
---	Oddhóll	51.30	2587	2667	"
---	Stóra-Hof	29.45	2419	2666	"
---	Varmidalur	1076.80	2682	3552	"
---	Gunnarsholt	914.85	2933	4032	4047.50
---	Vestri-Kirkjubær	558.60	4090	5039	4964.05
